

RÍKISENDURSKOÐUN

GREINARGERÐ UM SÉRTEKJUR OG SJÓÐMEÐFERÐ FRAMHALDSSKÓLA

Desember 1994

E F N I S Y F I R L I T

1	Inngangur.....	3
2	Sértekjur í framhaldsskólum.....	5
	2.1 Innritunargjöld.....	5
	2.2 Efnisgjöld.....	5
	2.3 Nemendafélagsgjöld.....	6
	2.4 Öldungadeildargjöld.....	6
	2.5 Heimavistargjöld.....	6
	2.6 Leiga á skólahúsnæði.....	6
	2.7 Önnur þjónusta við nemendur.....	7
	2.8 Skólaakstur.....	7
	2.9 Aðrar tekjur.....	7
3	Skólasjóðir og aðrir sjóðir.....	9
	3.1 Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá.....	9
	3.2 Sjóðir án staðfestrar skipulagsskrár.....	10
	3.2.1 Skólasjóðir.....	10
	3.2.2 Aðrir sjóðir.....	10
4	Innheimta og bókun tekna.....	13
	4.1 Innheimta og meðferð fjár.....	13
	4.2 Bókun tekna.....	14
5	Niðurstaða.....	15

Fylgiskjöl:

- Nr. 1 Framhaldsskólar
- Nr. 2 Sértekjur framhaldsskóla
- Nr. 3 Spurningalisti
- Nr. 4 Úrdráttur úr lögum

1 INNGANGUR

Í lögum um framhaldsskóla nr. 57/1988 með síðari breytingum kemur fram í 1. mgr. 32. gr. að ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað framhaldsskóla. Rekstrarkostnaður er síðan nánar skilgreindur í öðrum málsgreinum 32. gr. Þar kemur m.a. fram að til frádráttar rekstrarkostnaði geti komið kostnaðarþátttaka nemenda samkvæmt 33. gr. en hún hljóðar þannig:

"Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist vegna framhaldsskóla greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum, rekstri mötuneyta, skipulögðum skólaakstri og efniskaupum vegna verklegrar kennslu o. fl. samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr., og sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari og skólanefnd hafa umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

Hagnaður af leigu skólahúsnæðis skal renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar."

Um nokkurt árabíl hefur verið deilt um það hvort taka eigi upp "skólagjöld" í framhaldsskólunum eða ekki og hvort það sé yfirleitt heimilt. Ekki verður fjallað um þau atriði hér en staðreyndin er engu að síður sú að framhaldsskólarnir innheimta nú þegar ýmis konar gjöld af nemendum í upphafi skólaárs eða annar. Þessum gjöldum er oft haldið utan við almennan rekstur skólanna og renna þá gjarnan að einhverju eða öllu leyti í skólasjóði sem skólarnir hafa myndað. Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemdir við þessa meðferð og telur að allar sértekjur sem framhaldsskólar innheimta eigi þeir að færa til tekna. Þessu hafa forsvarsmenn skólanna vísað á bug og segja það almenna túlkun skólanefnda og stjórnenda að tekjur skólasjóða heyri beint undir skólanefnd sbr. 8. gr. framhaldsskólalaganna en þar segir í 3. og 4. mgr.:

"Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangi svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum."

Þegar málið er skoðað nánar kemur reyndar í ljós að fæstir þessara skólasjóða hafa fengið staðfestingu á skipulagsskrá sinni, hafi hún þá verið samin, en oft á tíðum eru óstaðfestar skipulagsskrár eða reglur um skólasjóði óljósar og ómarkvissar, sérstaklega hvað varðar tilgang og ráðstöfun.

Í 35. og 36. gr. eru ákvæði er heimila skólunum að standa fyrir fullorðinsfræðslu og endurmenntun í formi námskeiða og kvöldskóla. Fyrir slíka kennslu skulu nemendur greiða kennslu- eða námsgjöld sem svarar til sem næst þriðjungu kennslulauna.

Samkvæmt 39. gr. er skólanefndum heimilt að lána skólahúsnæði til félagsstarfsemi í samræmi við almennar reglur sem þeir setja gegn leigu sem nemur a.m.k. útlögðum kostnaði við afnotin.

Loks er heimilt að leigja út heimavistarhúsnæði þann tíma sem er utan skólatíma. Um slíka leigu skal gerður samningur sem staðfestur skal af menntamálaráðuneyti. Hagnaður af leigu húsnæðis skal ganga til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

Á grundvelli fyrrgreindra laga um framhaldsskóla hefur verið sett reglugerð um framhaldsskóla, nr. 105/1990.

Ríkisendurskoðun hefur skoðað hvernig þau atriði er lúta að sértekjum og sjóðsmeðferð standa hjá einstökum framhaldsskólum, þ.e. hvaða gjöld eru innheimt af nemendum, hvort innheimtan og tekjuskráningin standist almennar bókhaldskröfur og hvaða tekjur eru bókaðar í ríkisreikningi. Við þessa skoðun hafa verið gerðar athugasemdir sem í sumum tilvikum hafa verið teknar til greina.

Bent er á að ekki eru til neinar samræmdar reglur um hvaða eða hversu há gjöld á eða má innheimta. Ríkisendurskoðun er kunnugt um að drög að slíkum reglum eða reglugerð voru til umfjöllunar fyrir um ári síðan en ekkert hefur enn orðið úr setningu þeirra þó full ástæða hafi verið til þess. Nú hefur það mál verið tekið upp á ný og hefur Ríkisendurskoðunin fengið til yfirlestrar drög að reglum sem hún telur að verði til verulegra bóta verði þær gefnar út.

2 SÉRTEKJUR Í FRAMHALDSSKÓLUM

Eins og fram kemur í inngangi hefur Ríkisendurskoðun athugað tekjuflokka einstakra skóla á framhaldsskólastigi. Skoðað var hvaða gjöld skólarnir leggja á og innheimta af nemendum án tillits til hvort þau hafi verið bókuð sem tekjur í rekstrarbókhaldi skólanna eða ekki. Hér fylgir lýsing á einstökum tekjuflokkum og hvernig þeir eru meðhöndlaðir í bókhaldi skólanna.

Mikilvægt er að kveðið verði skýrt á um það hvað af þeim gjöldum, sem heimilt er að innheimta af nemendum, skuli teljast til sértekna skólanna og hvað skuli falla utan við rekstur þeirra og leggjast til sjóða, sem stofnaðir hafa verið eða verða stofnaðir með tilvísun til 8. gr. eða telst sérgreindur kostnaður nemenda skv. 33. gr. Telji menntamálaráðuneytið hins vegar að framhaldsskólum sé ekki heimilt að innheimta gjöld af nemendum sem falla eiga til sjóða skv. seinni mgr. 8. gr. þá þarf það að koma fram. Í reglugerð um framhaldsskóla nr. 105/1990 er ekki tekin afstaða til þessa atriðis nema að óverulegum hluta.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að gjöld sem lögð eru á nemendur eða innheimt með tilvísun til þriðju mgr. 8. gr. skuli teljast sem sértekjur skólanna ef undan eru skilin nemendasjóðsgjöld. Stofnunin telur ennfremur að endurgreiðsla nemenda á kostnaði er skólar leggja út fyrir vegna sérgreinds kostnaðar nemenda eigi að færast í bókhaldi skólanna eins og leiga fyrir heimavist, greiðsla nemenda í skipulögðum skólaakstri og efniskaup vegna verklegrar kennslu. Hins vegar fellur ekki undir rekstur skólanna, hvorki sem gjöld eða tekjur, rekstur mötuneytis nemenda, hvers konar félagsstarf nemenda og rekstur á þeirra vegum eða félaga þeirra.

2.1 Innritunargjöld

Allflestir skólanna innheimta innritunargjöld af nemendum. Algengt er að skólarnir innheimti með innritunargjöldum félagsgjöld vegna nemendafélaga. Í nær öllum tilvikum eru innritunargjöld ekki bókuð í bókhaldi skólanna heldur renna þau í skólasjóði sem skólameistarar, skólanefndir eða sjóðsstjórnir hafa yfirumsjón með og úthluta úr. Ekki er í öllum tilvikum til formlegar samþykktir um það hvernig ráðstafa skuli þessum sjóðum. Þá eru skólasjóðir yfirleitt ekki með samþykktá skipulagsskrá.

2.2 Efnisgjöld

Mjög mismunandi er hvort skólar innheimta efnisgjöld. Hinir hefðbundnu menntaskólar og bóknámsskólar, innheimta yfirleitt ekki efnisgjöld heldur pappírsgjöld en í fjölbrautaskólum, verkmenntaskólum og iðnskólum þar sem kennt er á verknámsbrautum eru efnisgjöld töluverð. Innheimt gjöld eru mishá milli skóla svo og eftir námsgreinum. Efnisgjöld sem nemendur greiða eru yfirleitt alltaf bókuð í bókhaldi

skólanna. Í einstaka tilvikum hefur skrifstofa skóla enga milligöngu um útvegum efnis heldur sér kennari í viðkomandi áfanga um að útvega það gegn greiðslu frá nemendum fyrir útlögðum kostnaði.

2.3 Nemendafélagsgjöld

Oft innheimta framhaldsskólarnir nemendafélagsgjöld fyrir nemendur með innritunargjöldum. Mjög misjafnt er hvenær félagsgjöldin eru gerð upp við nemendafélög. Móttaka á þessu fé kemur yfirleitt hvergi fram í bókhaldi skólanna. Eðlilegt er að móttekið fé vegna nemendafélaga verði viðskiptafært í bókhaldi skóla uns gert hefur verið upp við nemendafélögin. Þá er mismunandi hvort skólayfirvöld hafa einhver afskipti af fjárreiðum nemendafélaga eða ekki. Í sumum tilvikum hafa skólarnir afskipti af því hver er valinn gjaldkeri, þ.e. nemandi sem valinn er gjaldkeri verður að hafa valið eða lokið bókhaldsáfanga. Jafnframt er mjög mismunandi hvort nemendafélög þurfa að skila bókhaldi til skólameistara eða ekki.

2.4 Öldungadeildargjöld

Öldungadeildir eru starfræktar í mörgum af framhaldsskólunum. Gjaldtaka vegna náms í öldungadeildum er nokkuð mismunandi milli skóla. Þá virðast skólarnir í auknum mæli vera farnir að innheimta mishátt gjald eftir fjölda námsgreina sem nemandi stundar. Öldungadeildargjöld eru bókuð í bókhaldi skólanna enda ber nemendum skv. 35. gr. framhaldsskólalaganna að greiða kennslugjald sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna.

2.5 Heimavistargjöld

Við suma framhaldsskólana er starfrækt heimavist. Gjaldtaka heimavistargjalda er nokkuð mismunandi milli skóla og til er dæmi um að nemendur greiði ekkert gjald fyrir dvöl í heimavist. Við einn skólann sá hótelið á staðnum um að reka heimavistina. Misjafnt er hvort heimavistargjöld eru bókuð í bókhaldi skólanna.

2.6 Leiga á skólahúsnæði

Skólar með heimavistaraðstöðu leigja gjarnan út aðstöðuna yfir sumartímann. Mismunandi er hvernig að þeim rekstri er staðið. Þannig eru heimavistir skóla í nokkrum tilvikum leigðar út til Ferðaskrifstofu Íslands hf. og reknar sem Edduhótel yfir sumartímann. Ferðaskrifstofan gerir leigusamning við menntamálaráðuneyti og er leigutekjum varið til endurbóta án þess að skóli hafi þar nokkra milligöngu um. Í öðrum tilvikum sjá skólar sjálfir um hótélrekstur eða að leigja aðstöðuna út til hótélrekstrar. Þá leigja nokkrir af skólunum út almenna kennsluáðstöðu og aðra aðstöðu, svo sem kennslustofur og íþróttaaðstöðu undir námskeið o.þ.h. Í nokkrum tilvikum hafa skólarnir sett sér ákveðnar reglur um þessa útleigu. Mjög misjafnt er hvort tekjur af

hótelrekstri skila sér í bókhald skólanna eða ekki. Oft er um það að ræða að tekjurnar renna í sérstaka sjóði sem haldið er utan við bókhald skólanna og ætlaðir eru til endurbóta og viðhalds á húsnæði þeirra.

2.7 Önnur þjónusta við nemendur

Á skrifstofum skólanna er oft innheimt fyrir ýmis konar þjónustu við nemendur svo sem ljósritunarþjónustu. Færst hefur í vöxt að teknar hafa verið í notkun kortavélar sem auðveldar innheimtu til muna. Að vísu eiga nemendafélög oft ljósritunarvélar og geta nemendur í þeim tilvikum sótt þá þjónustu þangað.

Auk ljósritunarþjónustu hafa skólar smátekjur af annarri þjónustu og má þar m.a. nefna þýðingar á prófum, námsmat, skilagjald fyrir lykla að skápum, stöðupróf og endurtekningarpróf. Ýmist eru þessar tekjur bókaðar í bókhaldi skólanna eða ekki. Þó munu tekjur vegna námskeiða fyrir endurtekningarpróf ekki bókaðar í bókhaldi skólanna.

2.8 Skólaakstur

Örfáir skólar fá sérstaka fjárveitingu frá menntamálaráðuneyti til að halda uppi skólaakstri. Misjafnlega er innheimt fyrir þessa þjónustu, þ.e. ýmist seld rútukort eða innheimt fast gjald á önn. Í einu tilviki var um það að ræða að nemendur greiddu fyrirtæki sem annaðist akstur ákveðið gjald fyrir hverja ferð og fyrirtæki sendi reikning til skóla fyrir mismuni á umsömdu verði og því sem nemendur höfðu greitt. Í einhverjum tilvikum er um það að ræða að sveitarfélög taka þátt í að greiða skólaakstur niður. Bókun á þessum tekjum hefur verið nokkuð mismunandi, t.d. hefur einn af framhaldsskólunum fært tekjurnar gjaldamegin þ.e. til lækkunar á kostnaði vegna skólaaksturs.

2.9 Aðrar tekjur

Í þessum flokki er aðallega um vörusölu að ræða. Er það helst að skólar sem eru með verknámsbrautir selja afurðir þær sem þar eru framleiddar eða unnar og kennir þar ýmissa grasa. Má þar nefna sölu á sumarþústi, bílum, kjötafurðum og fiskafurðum svo eitthvað sé nefnt. Þessar tekjur eru að jafnaði bókaðar í bókhaldi skólanna.

Þá fá örfáir framhaldsskólar greiðslu frá sveitarfélögum vegna reksturs á efri deildum grunnskólans. Það er þó ekki algilt. Þannig fékk t.d. einn af framhaldsskólunum enga greiðslu frá sveitarfélögum þótt um rekstur á efri deildum grunnskólans hafi verið að ræða. Þegar nánar var athugað hafði sveitarfélagið ekki verið rukkað.

Af framangreindri upptalningu er ljóst að nemendur greiða nokkuð mismunandi gjöld til framhaldsskólanna eftir því í hvaða skóla þeir eru. Í framhaldsskólalögunum er ríkissjóði ætlað að greiða kennslukostnað en opnuð heimild til innheimtu gjalda af

nemendum í 32. gr. skv. nánari lýsingu í 33. og 8. gr. Ekki er ætlast til að nemendum sem stunda samsvarandi nám sé mismunað eftir því í hvaða skólum námið er stundað. Það er því brýnt að setja skýrari reglur um það hvaða gjöld má innheimta og hversu há.

3 SKÓLASJÓÐIR OG AÐRIR SJÓÐIR

Ýmsir sjóðir eru til í framhaldsskólum og eru svokallaðir skólasjóðir algengastir. Samkvæmt 8. gr. framhaldsskólalaganna er heimilt að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Ef það er gert þarf að setja um þá skipulagsskrá og hún að öðlast staðfestingu dómsmálaráðuneytisins. Um staðfesta sjóði gilda lög nr. 19/1988 og hefur Ríkisendurskoðun ákveðið eftirlit með slíkum sjóðum en annast ekki endurskoðun þeirra nema sérstök lagaákvæði mæli fyrir um það. Dæmi eru til um að reynt hafi verið að fá sjóði staðfesta hjá dómsmálaráðuneytinu en það ekki tekist. Samkvæmt lögum um staðfesta sjóði eru sett nokkur skilyrði sem uppfylla þarf til þess að skipulagsskrá sjóðs fái staðfest. Fáist ekki staðfesting er eðlilegt að menntamálaráðuneytið hafi forgöngu um eða setji annað hvort sérreglur um hvern sjóð eða almennar reglur um samkynja sjóði. Núverandi fyrirkomulag og staða þessara sjóða er óviðunandi.

3.1 Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá

Nú er raunin sú að fæstir af þeim sjóðum sem finnast í framhaldsskólum eru með staðfesta skipulagsskrá. Undantekningar frá því er þó einkum að finna í hinum eldri skólum svo sem Menntaskólanum í Reykjavík, Kvennaskólanum í Reykjavík og Menntaskólanum á Akureyri en í þessum skólum er finna þó nokkra sjóði með staðfesta skipulagsskrá. Menntaskólinn í Reykjavík hefur flesta sjóði en þar er að finna a.m.k. 15 sjóði með staðfesta skipulagsskrá auk 14 sjóða sem ekki hafa staðfesta skipulagsskrá. Auk skólasjóða eru sjóðir þeir sem hér um ræðir nánast undantekningarlaust gjafa- eða minningarsjóðir.

Aðeins einn sjóður fannst sem hafði nýlega verið stofnaður og fengið skipulagsskrá staðfesta en það er Skólasjóður Iðnskólans í Reykjavík. Skv. skipulagsskrá sjóðsins eru tekjur sjóðsins hluti af skólagjöldum, leiga af húsnæði og búnaði svo og gjafir til skólans. Ráðstöfun úr sjóðnum skal vera með eftirfarandi hætti sbr. 4. gr. sjóðsins:

"Markmið sjóðsins er að stuðla að viðhaldi skólahúsnæðis, kaupum á búnaði, rekstri og öðru því sem stjórn telur nemendum, starfsfólki og skólastarfi til hagsbóta."

Eins og sjá má er ráðstöfun nokkuð frjálst skilgreind og er svipuð ákvæði að finna hjá nokkrum af þeim sjóðum sem skoðaðir voru og ekki voru með staðfesta skipulagsskrá. Sérstaklega er hér vakin athygli á ákvæði um að skólasjóði skuli m.a. vera varið starfsfólki til hagsbóta en starfsfólk leggur ekkert til sjóðsins.

Einnig er vert að vekja athygli á að tekjur sjóðsins eru m.a. leigutekjur af húsnæði og búnaði. Telja verður óheimilt að ráðstafa tekjum af ríkiseignum með þessum hætti.

3.2 Sjóðir án staðfestrar skipulagsskrár

3.2.1 Skólasjóðir

Algengast er að í skólunum sé að finna skólasjóði með óstaðfesta skipulagsskrá. Í sumum tilvikum hefur skipulagsskrá verið samin og jafnvel verið reynt að fá hana staðfesta, að sögn skólanna, en það ekki tekist. Í nokkrum tilvikum er ekki að finna neina skipulagsskrá um starfsemi sjóðanna.

Oft eru ákvæði í skipulagsskrám um ráðstöfun tekna afar óljós eða ónákvæm sbr. eftirfarandi dæmi úr skipulagsskrá skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

".. en vöxtum og öðrum tekjum skal skólameistari ráðstafa í þágu skólans."

Í öðrum tilvikum er að finna nákvæmari skilgreiningu sbr. eftirfarandi dæmi úr skipulagsskrá skólasjóðs Fjölbrautaskóla Vesturlands:

" ... en vöxtum og öðrum tekjum skal skólameistari ráðstafa í þágu skólans. Sjóðurinn skal m.a. standa straum af kostnaði við það skólastarf, að hluta eða öllu leyti, sem ekki er skilgreint í námsskrá. Má þar nefna leikhúsfærðir nemenda, aðrar náms- og kynnisferðir og kostnað vegna samskipta skóla o.fl.. Heimilt er að greiða úr sjóðnum tryggingariðgjöld eða bæta tjón sem verður á vettvangi skólans."

Úthlutun úr sjóðum þessum er oft í höndum skólameistara sbr. ofangreind dæmi úr óstaðfestri skipulagsskrá Fjölbrautaskóla Suðurnesja svo og Fjölbrautaskóla Vesturlands. Í öðrum tilvikum eru það skólanefndir eða sérstaklega skipaðar sjóðsstjórnir sem úthluta úr sjóðunum. Bókhaldrar er oft á hendi bókkara skólans en endurskoðun er nokkuð mismunandi ef hún er þá fyrir hendi en oftast eru það kjörnir endurskoðendur, t.d. starfsmenn skólans, sem annast endurskoðun sjóðanna.

Þar sem ekki gilda stífar reglur um úthlutun er hætt við að ráðstöfun geti orðið með öðrum hætti en til er ætlast. Við athugun á bókhaldi þessara sjóða var að finna úthlutanir og útgjöld sem hljóta að teljast á jaðarlínu eða utan við það sem skólasjóðum er ætlað að sinna. Þannig höfðu starfsmenn í einstaka tilvikum fengið lán úr þessum sjóðum og dæmi eru um að námskeið og risnukostnaður fyrir starfsmenn hafi verið greiddur úr skólasjóðum.

3.2.2 Aðrir sjóðir

Í örfáum skólum er innritunargjöldum skipt upp í fleiri en einn sjóð og í nokkrum skólum er heimavistar- og hóteltækjum safnað í sérstakan sjóð sem ætlaður er til endurbóta á húsnæði skólanna.

Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja er innritunargjöldum skipt upp í þrjá sjóði þ.e. menningarsjóð, jöfnunarsjóð og skólasjóð. Skv. óstaðfestri skipulagsskrá skal ráðstöfun menningarsjóðs vera þannig:

" ... en vöxtum og öðrum tekjum sbr. 1. gr. skal eftir ákvörðun sjóðsstjórnar og að því marki sem hverju sinni er ákveðið varið til menningarstarfsemi á vegum Fjölbrautaskóla Suðurnesja."

Jöfnunarsjóði skólans skal ráðstafa með eftirfarandi hætti:

"... en vöxtum og öðrum tekjum skal varið til hvers eins, sem talið er nemendum eða starfsfólki til hagsbóta, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar."

Þeir skólar sem leigja sjálfir út húsnæði sitt, og er þá bæði átt við heimavistaraðstöðu svo og aðra aðstöðu, leggja gjarnan þær leigutekjur í sérstaka sjóði sem ætlaðar eru til viðhalds og endurbóta á skólahúsnæðinu og er oft um umtalsverðar fjárhæðir að ræða. Þannig var til að mynda einn af skólunum sem skoðaður var með sérstakan framkvæmdasjóð utan við bókhald skólans sem hafði rekstrartekjur upp á tæplega 17 millj. kr. á árinu 1992 á meðan að rekstrarniðurstaða í bókhaldi skólans fyrir sama ár var hins vegar tæplega 34 millj. kr.

Enn er vert að vekja athygli á og gagnrýna það að sérstakur sjóður sé myndaður um leigutekjur af húsnæði og búnaði en telja verður óheimilt að ráðstafa tekjum af ríkiseignum með þessum hætti. Þá er bent á ákvæði um að ráðstafa tekjum m.a. starfsfólki til hagsbóta þegar það leggur ekkert til þeirra en slíkt ákvæði verður að telja álitaefni.

Þeir sjóðir sem hér um ræðir eru yfirleitt með sama sniði og skólasjóðir hvað úthlutun, bókhald og endurskoðun varðar. Skólameistari, skólanefnd eða sérstaklega skipaðar sjóðstjórnir úthluta úr sjóðunum. Bókhald er oft á hendi bókara skólans en endurskoðun er nokkuð mismunandi ef hún er þá fyrir hendi en oftast eru það kjörnir endurskoðendur, t.d. starfsmenn skólans, sem annast endurskoðun sjóðanna.

4 INNHEIMTA OG BÓKUN TEKNA

Við athugun á framhaldsskólunum kom í ljós að framkvæmd á innheimtu svo og bókun tekna er ekki með nægjanlega tryggum hætti. Mjög mikilvægt er að innra eftirlit með innheimtu og bókun tekna sé eins gott og hægt er ekki hvað síst þar sem erfitt er að koma við eðlilegri verkaskiptingu milli gjaldkera- og bókarastarfa í öllum skólunum.

4.1 Innheimta og meðferð fjár

Það hefur mjög færst í vöxt að skólarnir noti svokallaða félagþjónustu Íslandsbanka til að innheimta innritunargjöld, en þá sér bankinn um að senda A-gíróseðla til nemenda eftir listum frá skólunum. Þetta á aðallega við um innritunargjöld í dagskóla. Bankinn sér jafnvel í sumum tilvikum um að skipta upp fjárhæðum milli skóla og nemendafélags þar sem nemendafélagsgjöld eru innheimt með innritunargjöldum. Þetta fyrirkomulag hefur í mörgum skólum gefist allvel en dæmi eru einnig um hið gagnstæða. Öldungadeildargjöld og önnur gjöld sem innheimt eru af nemendum eru oftast innheimt í skólunum.

Við athugun á þeim gögnum sem gefin eru út af hálfu skóla gegn greiðslu hinna ýmsu gjalda kom í ljós að þau voru alls ekki í öllum tilvikum í samræmi við þær kröfur sem gera verður til slíkra gagna. Þannig var algennt að reikningar væru ekki gefnir út í nógu mörgum eintökum (afritum) þannig að hægt væri að geyma þá í númeraröð, reikningsform var gallað, þ.e. ekki var notað reikningsform merkt skóla, reikningar voru ekki fornúmeraðir o.s.frv. Í enn öðrum tilvikum var um það að ræða að engir reikningar væru gefnir út og var það einkum vegna innheimtu á minni háttar gjöldum svo sem þjónustu á skrifstofu.

Það vakti athygli hve fjárumsýsla er orðin stór þáttur í starfi starfsmanna nokkurra skólanna og vekur spurningar hversu eðlilegt það getur talist. Oft er um umtalsverðar fjárhæðir að ræða sem haldið er utan við bókhald í skólasjóðum og öðrum sjóðum, sérstaklega í stærri skólunum og því hafa fjármálastjórar í einhverjum tilvikum verið að reyna að ná hærri ávöxtun á þeim fjármunum sem þeir hafa undir höndum með því að kaupa ríkisvixla og önnur verðbréf.

Eins og fram hefur komið hér að framan eru nemendafélagsgjöld gjarnan innheimt af hálfu skóla ásamt innritunargjöldum. Mjög mismunandi er hve langur tími líður þar til gert er upp við nemendafélög og oft á tíðum vilja skólayfirvöld hafa einhverja umsjón með í hvað nemendafélagsgjöldin fara og skammta þá gjarnan nemendafélögum fjármuni fram eftir vetri. Það getur því liðið langur tími þar til gert er upp við nemendafélög. Það heyrir til undantekninga ef þessir fjármunir, sem skrifstofur skólanna hafa í vörslu sinni, fara um bókhald þeirra eins og telja verður eðlilegt.

4.2 Bókun tekna

Eins og fram hefur komið í kafla 2 hér að framan var mjög mismunandi hvort þær tekjur sem skólarnir innheimta væru bókaðar í bókhaldi skólanna. Efnisgjöld og innritunargjöld í öldungadeild voru bókuð í bókhaldi skólanna en mjög mismunandi var um bókun annarra gjalda sem innheimt voru af nemendum. Sama á reyndar einnig við um aðrar tekjur skólanna.

Við athugun á bókun tekna, hvort sem þeim var haldið utan við bókhald skólanna eða ekki, kom í ljós að mikil brotalöm var á því að þau gögn sem fylgdu með væru fullnægjandi. Eiginlegt uppgjör var oft ekki fyrir hendi og stundum voru tekjur einungis bókaðar eftir bankayfirlitum. Þá var undirbókhald oft ekki nægjanlega aðgengilegt eða hreinlega ekki til staðar þar sem reikningar voru oft á tíðum ekki gefnir út í nægilega mörgum eintökum, reikningar ekki númeraðir eða reikningar hreinlega ekki gefnir út.

Til að sýna fram á hversu alvarlega hluti er hér um að ræða má taka sem dæmi stóran framhaldsskóla í Reykjavík sem skoðaður var. Ekki reyndist unnt að fá neitt heildaruppgjör á þeim tekjum sem innheimtar höfðu verið og undirbókhald var ekki til staðar fyrir öllum tekjunum. Tekjurnar voru bókaðar einu sinni á ári.

5 NIÐURSTAÐA

Töluvert frjálsræði ríkir um álagningu gjalda á nemendur og um alla innheimtu tekna í framhaldsskólunum. Að vísu er skólunum heimilt að innheimta ákveðna fjárhæð á nemanda og skila henni í ríkissjóð í samræmi við fjárveitingar á fjárlögum en eins og fram hefur komið hafa skólarnir svigrúm til að skapa sér eigin tekjustofna. Tekjum þeim sem hér um ræðir er gjarnan haldið utan við hið eiginlega bókhald skólanna og þá vísað til 8. gr. framhaldsskólalaganna sem heimilar skólunum að stofna sjóði með staðfestri skipulagsskrá. Einhverra hluta vegna hafa fæstir þessara sjóða fengist staðfestir hjá dómismálaráðuneyti. Engu að síður halda skólastjórnendur fast við það sjónarmið, að þessar tekjur og ráðstöfun þeirra eigi ekki að sýna í bókhaldi skólanna. Ástæður sem þeir bera oftast fyrir sig eru þær að ef það er gert þá muni tekjurnar valda því að skólarnir fái minna rekstarfé í fjárlögum en ella. Enda þótt það geti haft við einhver rök að styðjast þá má vera ljóst að hér er í mörgum tilvikum um verulegar fjárhæðir að ræða sem eru án nokkurs raunverulegs eftirlits og án afskipta fjárveitingavalds. Það verður að teljast með öllu óviðunandi.

Innheimta og bókun tekna í framhaldsskólunum er alls ekki með viðunandi hætti en gera verður sömu kröfur til þeirra og annarra sem innheimta tekjur. Í því felst m.a. að gert sé heildaruppgjör á innheimtum tekjum, reikningar séu gefnir út í nægjanlega mörgum afritum, þeir séu merktir skóla og fornúmeraðir og að bókun teknanna byggist á öruggu tekjuskráningarkerfi sem tryggir að allar tekjur skili sér og að þeir reikningar sem gefnir eru út af hálfu skólanna verði bókaðir.

Eins og ljóst má vera af framangreindri athugun er brýnt að taka á þeim málum er snúa að tekjum framhaldsskólanna, innheimtu þeirra og bókun, bæði af hálfu menntamálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Telja verður eðlilegt að allar tekjur sem innheimtar eru af framhaldsskólunum þurfi að sýna í bókhaldi skólanna með einum eða öðrum hætti. Skýra þarf og flokka hvaða tekjur skuli teljast sértekjur skólanna og hvort heimilt sé að leggja hluta þeirra í sjóði sem stofna má með staðfestri skipulagsskrá. Þá verður að leggja áherslu á að skipulagsskrá sé eðlileg miðað við starfsemi skólanna og að slíkir sjóðir fái staðfestingu hjá dómismálaráðuneyti. Eðlilegt er að frá menntamálaráðuneyti komi viðmiðunarreglur um tekjuflokka skólanna. Það þarf að liggja skýrt fyrir hvaða gjöld skólarnir geta innheimt svo og hvernig litið er á þær tekjur sem innheimtar eru, þ.e. hvaða lög og reglur gilda um þær. Eftir að tekist hefur að ná saman um þessi atriði getur Ríkisendurskoðun með markvissari hætti haft eftirlit með innheimtu og bókun þeirra tekna sem hér um ræðir.

Að lokum má hér nefna starfsemi sem lítið hefur verið fjallað um í þessari greinargerð en taka þarf á og tengist tekjuöflun eða sjóðsmeðferð skólanna að vissu leyti. Hér er átt við ýmsa starfsemi nemenda sem ríkissjóði ber ekki að standa undir með fjárframlögum eða fjárumsýslu og má þar t.d. nefna mótuneyti og bóksölu nemenda. Þarna þarf menntamálaráðuneyti á sama hátt og áður er nefnt að koma að og setja viðmiðunarreglur fyrir skólana til að starfa eftir.

FYLGISKJÖL

Framhaldsskólar

Eftirtaldir framhaldsskólar fengu senda spurningarlista og voru heimsóttir.

210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	520687-1229
211	TÆKNISKÓLI ÍSLANDS	660269-7629
221	KENNAHÁSKÓLI ÍSLANDS	690169-2159
301	MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK	460269-2109
302	MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	460269-5129
303	MENNTASKÓLINN Á LAUGARVATNI	460269-2299
304	MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ	460269-3509
305	MENNTASKÓLINN VIÐ SUND	700670-0589
306*	FRAMHALDSSKÓLI VESTFJARÐA	490671-0139
307*	MENNTASKÓLINN Á EGILSSTÖÐUM	610676-0579
308	MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI, FJÖLBRAUT	631173-0399
309	KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK	650276-0359
350	FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI	590182-1099
351	FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA	590182-0959
352	FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI	611175-1919
353	FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA	661176-0169
354	FJÖLBRAUTASKÓLI VESTURLANDS	681178-0239
355*	FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM	660381-0159
356*	FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA	431080-0289
357*	FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS	491181-0289
358*	VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS	520286-1369
359*	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	531083-0759
360**	FJÖLBRAUTASKÓLINN Í GARÐABÆ	581286-1639
361*	FRAMHALDSSKÓLINN Í A-SKAFTAFELLSSÝSLU	491087-2509
362	FRAMHALDSSKÓLINN Á HÚSAVÍK	430987-2679
363	FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM	410389-2589
506	VÉLSKÓLI ÍSLANDS	690269-5119
507**	STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK	630269-2109
514	IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK	660169-3429
516	IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI	660169-2889
517	HÓTEL- OG VEITINGASKÓLI ÍSLANDS	450572-0129
518	FISKVINNSLUSKÓLINN	440472-0529
523	FÓSTURSKÓLI ÍSLANDS	440472-0799
524	ÞROSKAÞJÁLFASKÓLI ÍSLANDS	440472-0289
531	ÍÞRÓTTAKENNAASKÓLI ÍSALANDS	670169-1469
541	HÚSSTJÓRNARSKÓLINN Í REYKJAVÍK	640169-1099
551*	HÚSSTJÓRNARSKÓLINN Á HALLORMSSTAÐ	640169-0959
561	MYNDLISTA- OG HANDÍÐASKÓLI ÍSLANDS	460269-4159
562	LEIKLISTARSKÓLI ÍSLANDS	611075-0229

* Voru ekki heimsóttir en sendu svör við spurningalista.

** Voru ekki heimsóttir og fengu ekki spurningalista.

FRAMHALDSSKÓLAR SÉRTEKJUR Á ÁRUNUM 1992 OG 1993

Framhaldsskólar	Sértekjur samtals		Skólagjöld - teg. 457		Leigutekjur - teg. 461		Kostn.hlutdeild - teg. 468		Aðrar sértekjur		
	1993	1992	1993	1992	1993	1992	1993	1992	1993	1992	
210	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI	10.743	7.002	4.667	3.179	792	1.826	3.151	1.419	2.133	578
211	TÆKNISKÓLI ÍSLANDS	1.137	0	1.072						65	0
221	KENNAHÁSKÓLI ÍSLANDS	17.057	18.452	10.916	11.793	2.287	3.248	1		3.853	3.411
301	MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK	2.841	0	2.800						41	0
302	MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	1.445	41			1.033				412	41
303	MENNTASKÓLINN Á LAUGARVATNI	2.012	1.101			1.083	837			929	264
304	MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ	15.189	14.926	14.407	13.175		189		6	782	1.556
305	MENNTASKÓLINN VIÐ SUND	6.803	3.935	2.944		2.999	2.544			860	1.391
306	FRAMHALDSSKÓLI VESTFJARÐA	6.357	7.779	1.220	2.133	2.207	2.314	1.861	3.192	1.069	140
307	MENNTASKÓLINN Á EGILSSTÖÐUM	7.806	4.575	2.861	2.635	4.564	1.879			381	61
308	MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI, FJÖLBRAUT	1.302	0	1.302						0	0
309	KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK	2.393	3.485	1.335				786		272	3.485
350	FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI	40.389	41.255	40.116	41.134	186				87	121
351	FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMULA	3.397	431	3.059	65	306	344			32	22
352	FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI	4.958	4.424	3.544	3.058	718	543			696	823
353	FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA	9.452	7.920	6.372	5.129		40			3.080	2.751
354	FJÖLBRAUTASKÓLI VESTURLANDS	6.859	5.344	4.202	1.787	2.407	2.538			250	1.019
355	FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM	4.190	2.314	1.414	224	300	60			2.476	2.030
356	FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA	4.029	3.259	1.791	352	2.007	2.356			231	551
357	FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS	1.216	10.979	5.868	4.928	565	15			-5.217	6.036
358	VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS	5.350	5.459	715	250	274	181	111	153	4.250	4.875
359	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI	19.023	18.009	18.059	17.974	75				889	35
360	FJÖLBRAUTASKÓLINN Í GARÐABÆ	4.110	339	1.881	55		15			2.229	269
361	FRAMHALDSSKÓLINN Í A-SKAFTAFELLSSYSLU	995	1.740	276	392	318	13			401	1.335
362	FRAMHALDSSKÓLINN Á HÚSAVÍK	10.357	1.908	476	309	1.097	528			8.784	1.071
363	FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM	186	700		360	185	339			1	1
506	VÉLSKÓLI ÍSLANDS	2.738	600	1.170	600			93		1.475	0
507	STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK	1.617	833	775	398					842	435
514	IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK	54.197	41.190	43.310	31.092	1.549	3.241			9.338	6.857
516	IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI	5.305	3.185	5.166	2.938	137	95			2	152
517	HÓTEL- OG VEITINGASKÓLI ÍSLANDS	2.754	1.783							2.754	1.783
518	FISKVINNUSKÓLINN	510	967	510	967	100				-100	0
523	FÓSTURSKÓLI ÍSLANDS	1.433	457	434						999	457
524	ÞROSKAÞJÁLFASKÓLI ÍSLANDS	713	295	702	295					11	0
531	ÍPRÓTTAKENNAHÁSKÓLI ÍSLANDS	4.405	3.536	63		2.260	3.151	19	126	2.063	259
541	HÚSSTJÓRNARSKÓLINN Í REYKJAVÍK	1.923	1.612	1.722	1.435					201	177
551	HÚSSTJÓRNARSKÓLINN Á HALLORMSSTAÐ	0	0							0	0
561	MYNDLISTA- OG HANDIÐASKÓLI ÍSLANDS	1.313	1.471	1.033	947	160	338			120	186
562	LEIKLISTARSKÓLI ÍSLANDS	160	658	160						0	658
	SAMTALS	266.664	221.964	186.342	147.604	27.609	26.634	6.022	4.896	46.691	42.830

Spurningalisti

**FRAMHALDSSKÓLAR
TEKJUR OG SJÓÐSMEDFERÐ**

SKÓLI: _____

UPPLÝSINGAR VEITIR: _____

1 NEMENDAFJÖLDI Á ÁRINU 1992

Hver var nemendafjöldi í dagskóla á a) vorönn 1992? _____
b) haustönn 1992? _____

Hver var nemendafjöldi í öldungadeild á a) vorönn 1992? _____
b) haustönn 1992? _____

**2 HVÆÐ SÁ SKÓLINN UM AÐ INNHEIMTA Á ÁRINU 1992 OG HVERJAR
VORU SÉRTEKJUR HANS Á ÞVÍ ÁRI?**

Innritunargjöld (skráningargjöld, pappírsgjöld) í dagskóla:

kr. _____ nem./vorönn kr. _____ nem./haustönn
heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Efnisgjöld¹: kr. _____ nem./vorönn kr. _____ nem./haustönn
heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Nemendafélagsgjöld: kr. _____ nem./vorönn kr. _____ nem./haustönn
heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Öldungadeildargjöld: kr. _____ nem./vorönn kr. _____ nem./haustönn
heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Heimavistargjöld: kr. _____ nem./vorönn kr. _____ nem./haustönn
heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Leiga á skólahúsn.: kr. _____ nem./vorönn kr. _____ nem./haustönn
heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

¹Vinsamlegast listið upp efnisgjöld á sér blað í þeim tilvikum þar sem þau eru mismunandi eftir einstökum greinum.

Til hvaða aðila er skólahúsnæði leigt út og í hvaða tilgangi?

Sala ljósrita: kr. _____ stk./vorönn kr. _____ stk./haustönn
heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Skólaakstur: kr. _____ nem./vorönn kr. _____ nem./haustönn
heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Hversu tíður er skólaakstur (daglega, vikulega)?

Vaxtatekjur: heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Styrkir/gjafir: Styrkveitandi/gjefandi: _____
Tílefni: _____

heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Aðrar tekjur, hverjar? _____

heildarfjárhæð kr. _____ árið 1992

Voru einhverjar af framangreindum tekjum ekki bókaðar í BÁR og þá hvaða tekjur?

3 FYRIRKOMULAG INNHEIMTU

Hvaða aðilar sjá um innheimtu tekna? _____

Hvernig er innheimtu tekna hagað (t.d. er sjóðvél notuð)? _____

Er einhver gjaldfrestur veittur á greiðslu tekna (hversu langur)? _____

Eru sérstök reikningsform notuð við innheimtu tekna? _____

Ef svo er, eru reikningsform

- a) merkt skóla? _____
- b) fornúmeruð? _____
- c) í hve mörgum afritum? _____

Hvað er gert við frumrit reikninga svo og afrit?

Eru einhver tilvik þar sem reikningar eru ekki notaðir (t.d. ef notuð er sjóðvél)?

Eru einhverjar starfsreglur (venjur) um hve langur tími líður áður en fé sem innheimt hefur verið er lagt á bankareikning? _____

Hvernig eru fjármunir geymdir áður en farið er með þá í banka? _____

4 BÓKUN TEKNA Í BÁR (FJÁRHAGSBÓKHALD)

Hvertjir hafa

- a) uppflettiaðgang að BÁR? _____
- b) bókunaraðgang að BÁR? _____
- c) hafa þessir aðilar mismunandi lykilorð? _____

Hver bókar tekjur í BÁR? _____

Eru einhver undirbókhaldskerfi notuð við bókun tekna? _____

- Ef svo er
- a) hvaða kerfi er notað? _____
 - b) hver sér um bókun? _____

Hve langur tími líður frá því að tekjur eru innheimtar þar til þær eru bókaðar í BÁR (og/eða undirbókhalld? _____

Hvernig eru fyrirfram innheimtar tekjur svo og ógreiddar tekjur bókaðar í BÁR um áramót? _____

Hvaða gögn fara í BÁR sem fylgiskjöl með bókun tekna? _____

Hvernig er haldið utan um hluta nemendafélags og hvernig er hann bókaður í BÁR? _____

Hvert er eftirlit af hálfu skólans með bókhald og fjárreiðum nemendafélags? _____

Er innheimt fyrir einhverja aðra en nemendafélag og hvernig er þeirri innheimtu háttað og farið með í BÁR? _____

5 EFTIRLIT MEÐ INNHEIMTU OG BÓKUN SÉRTEKNA

Hvernig er eftirliti háttað með að:

a) tekjur séu raunverulega greiddar? _____

b) tekjur skili sér í BÁR? _____

6 MÖTUNEYTI

Er starfrækt mötuneyti fyrir a) starfsmenn? _____

b) nemendur? _____

Hvernig er fyrirkomulag á rekstri mötuneytis (hver sér um innkaup hráefna, sölu matarmiða, færslu bókhalds o.fl.) fyrir:

a) starfsmenn? _____

b) nemendur? _____

Hvernig er haldið utan um færslur og hvernig er sjóðsmeðferðog uppgjóri háttað vegna mötuneytis

a) starfsmanna? _____

b) nemenda? _____

7 SKÓLASJÓÐUR OG AÐRIR SJÓÐIR

Er sérstakur skólasjóður og/eða aðrir sjóðir í skólanum (og þá hvaða)? _____

Hverjar eru tekjur

a) skólasjóðs? _____

b) annarra sjóða? _____

Hvaða starfsreglur gilda um

a) skólasjóðinn og um úthlutun úr honum? _____

b) aðra sjóði og úthlutanir úr þeim?

Er staðfest skipulagsskrá skv. 8. gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla fyrir

a) skólasjóð _____

b) aðra sjóði _____

Lög um framhaldsskóla.

Úrdráttur

I. kafli. Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: menntaskólar, fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. [Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntamálaráðuneytið hefur heimilað og mun heimila.]¹⁾ Einstakar skólstofnanir geta borið sérstakt nafn, t. d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Setja skal reglugerð ²⁾ um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

1) L. 72/1989, 1. gr. 2) Rg. 451/1988 (Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum).

III. kafli. Stofnun og bygging framhaldsskóla.

3. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 38. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/félög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m. a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárveitinganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaðar) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast ráðningu hönnuða og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á hönnun verks og stjórnar framkvæmdum án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. [Kostnað við byggingu heimavistar greiðir ríkissjóður að fullu.]¹⁾ Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

[Heimilt er með samþykki Alþingis að víkja frá meginreglum um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga þegar skóli er í fámennu sveitarfélagi og ekki hefur tekist að fá nærliggjandi sveitarfélög til þess að sameinast um byggingu framhaldsskóla.]¹⁾

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum²⁾ og þessum lögum.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og láta gera fyrirmyndir að hönnun og verksamningum.

1) L. 72/1989, 2. gr. 2) Rg. 345/1978 (um stofnkostnað skólamannvirkja).

4. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

8. gr.

Skólanefnd og skólameistari ákveða námsframboð með samþykki menntamálaráðuneytis.

Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntamálaráðuneytinu. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangi svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.¹⁾

1) Rg. 429/1986.

[11. gr.]¹⁾

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum og gerir tillögu til skólanefndar um nemendasjóðsgjöld. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

1) L. 72/1989, 6. gr.

VIII. kafli. Rekstur framhaldsskóla.

32. gr.

[Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við áætlun sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Auk kostnaðar við kennslu greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun, námsráðgjöf, störf í skólasafni, á skrifstofu, félagsstörf, eftirlit og umsjón með heimavistum og eignum skóla og annarra þeirra starfa er nauðsynleg teljast vera.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun prófdómara á lokaprófi og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins og annan þann kostnað er leiðir af kjarasamningum.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað af starfsemi skólans, viðhaldi húsa og tækja að frátalinni kostnaðarpáttöku nemenda, sbr. 33. gr.

Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, skal greitt hverjum skóla fyrir fram. Heimilt er menntamálaráðherra að semja við hvern skóla um aðra tilhögun ef aðilum þykir ástæða til.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um ákvæði þessarar greinar þar sem m. a. skal tilgreint hvaða kennslugreinar skuli teljast verknám og sérnám. Þá skulu settar viðmiðunarreglur um vinnumagn fyrir önnur störf en kennslu er lagðar verði til grundvallar árlegum fjárveitingum.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara.]¹⁾

1) L. 72/1989, 11. gr.

33. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist vegna framhaldsskóla greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum, rekstri mötuneyta, skipulögðum skólaakstri og efniskaupum vegna verklegrar kennslu o. fl. samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr., og sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari og skólanefnd hafa umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

Hagnaður af leigu skólahúsnaðis skal renna til viðhalds og endurnýjunar húsnaðis og búnaðar.

34. gr.

[Menntamálaráðuneytið getur heimilað stofnun og starfrækslu framhaldsdeildar við grunnskóla. Námstilhögun og námsframboð í framhaldsdeildum skal vera undir faglegri stjórn þeirra framhaldsskóla er menntamálaráðuneytið ákveður.

Ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað framhaldsdeilda. Skal við það miðað að framlag á nemanda verði sem næst jafnhátt framlagi til þess skóla er hefur faglega stjórn námsins á hendi.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um lágmarksfjölda nemenda og önnur grundvallarskilyrði um stofnun framhaldsdeilda.]¹⁾

1) L. 72/1989, 12. gr.

IX. kafli. Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

35. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að veita þeim er orðnir eru 18 ára að aldri aðgang að einstökum námsáföngum dagskóla án tillits til þess hvort þeir uppfylla skilyrði til inntöku að öðru leyti. Einnig er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda), fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla en æskir að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Fyrir slíka kennslu skulu nemendur greiða kennslugjald sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.¹⁾

1) Sbr. rg. 490/1984 (um öldungadeildir við mennta- og fjölbrautaskóla).

36. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að bjóða fram annars konar nám en 35. gr. tekur til og efna til endurmenntunarnáms, m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.

Námshjöld miðast við að nemendur greiði a. m. k. þriðjung kennslulauna. Í slíku námi er kostnaðaraðild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðuneytis.

X. kafli. Ýmis ákvæði.

37. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til þess að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 3. og 32. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við megin stefnu þessara laga og samkvæmt námsskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólameistara svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

38. gr.

Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til skóla á framhaldsskólastigi sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum með hliðstæðum hætti og nú er um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, enda uppfylli þessir skólar sams konar skilyrði um námsframboð og kennsluskipan og hafa hlotið starfsleyfi menntamálaráðuneytis.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

39. gr.

Heimilt er að lána skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma, enda greiðist fyrir leiga sem nemur a. m. k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

[39. gr. a. Menntamálaráðherra er heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í samráði við einstaka skóla og víkja þá frá ákvæðum þessara laga ef nauðsyn krefur. Slíkt tilraunastarf skal að jafnaði ekki skilgreint til lengri tíma en tveggja ára í senn og skal skipulagt í samvinnu við fulltrúa atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgrein.]¹⁾

1) L. 81/1993, 1. gr.

40. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.¹⁾

1) Sjá t. d. rg. 330/1976 (Flensborgarskólinn í Hafnarfirði), sett skv. l. 14/1973 og rg. 202/1987 (Kvennaskólinn í Reykjavík), sett skv. l. 12/1970. Sjá enn fremur rg. 270/1974, sbr. 600/1982 (um menntaskóla). Rg. 102/1990 (um löggiltar iðngreinar o. fl.). Rg. 105/1990 (um framhaldsskóla).